



Fundargerð

38. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 16. apríl 2025, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Reynir Örn Pálmason, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Árlegur stöðufundur með fulltrúum Landsvirkjunar - 2504003

Undir þessum dagskráarlið mætti Georg Pálsson og Guðmundur Finnbogason fyrir hönd Landsvirkjunar, í gegnum fjarfundakerfi Teams, og fóru yfir samfélagsstefnu Landsvirkjunar. Einnig fór hann yfir stöðuna í vatnsbúskap og helstu verkefni ársins.

Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar Georg og Guðmundi fyrir þátttöku á fundi hreppsnefndar og einnig fyrir veittar upplýsingar.

2. Fundargerð 299. fundar skipulagsnefndar UTU - 2503033

Lögð fram fundargerð 299. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 223. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

LMál nr. 1; Bergholt L238505; Íbúðarhús, gestahús og hesthús; Deiliskipulag - 2503060. Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Bergholts L238505 í Ásahreppi. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og þar verður heimilt að byggja íbúðarhús, gestahús og hesthús.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Ísleifur Jónasson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 31; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-223 - 2503002F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-223.

3. Fundargerð 300. fundar skipulagsnefndar UTU - 2504015

Lögð fram fundargerð 300. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-224.

Mál nr. 1; Kálfholt K 3a L219274; Þjóðholt; Breytt heiti lóðar; - 2503101.

Lögð er fram umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L219274. Óskað er eftir að Kálfholt K 3a fái nafnið Þjóðholt. Fyrir liggur rökstuðningur eiganda um hvaðan nafnið er fengið.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við framlagða umsókn um breyttan staðvísi og samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti.

Hott Rjó
Katr.
UU

2411032.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Sauðholts 2 lóð L220917 og Sauðholts 2B L231134 eftir auglýsingu. Í gildi er deiliskipulag sem tekur til lands L220917. Við gildistöku tillögunnar fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Í breytingunni felst sameining þessara tveggja lóða í eina auk skilgreiningar á byggingarreitum og byggingarheimildum. Athugasemdir bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum.

Innan framlagðra athugasemda sem bárust frá landeiganda aðliggjandi lands L193000 er tiltekið að með deiliskipulaginu sé lokað fyrir það að gömul aðkoma að landinu sé nýtt sem fer um viðkomandi lóðir sem skipulagið tekur til. Samkvæmt andsvörum landeiganda er sú aðkoma hvorki gömul né með hennar heimild. Hins vegar er vegur að landinu sem er utan þessa deiliskipulags sem farið hefur verið yfir Steinslæk á vaði en er einnig aðgengilegur frá núverandi vegi að íbúðarhúsi jarðarinnar Sauðholts 2 L193421. Eigandi Sauðholts 2 notar veginn að hluta til sjálf þar sem við hann er skilgreint efnistökusvæði E2. Að mati nefndarinnar er því skilmálum er varðar aðgengi að landi L193000 fullnægt þar sem aðkoma er sannarlega um Sauðholt 2 um fyrrgreindan vegslóða. Nefndin telur ekki ástæðu til að teffa framgöngu framlagðs deiliskipulags á grundvelli þeirra athugasemda sem bárust, nánari eða önnur útfærsla á aðkomu að Sauðholti land L193000 þarf í öllum tilfellum að vera unnin í samráði við hlutadeigandi landeiganda Sauðholts 2 sem hefur á þessu stigi málsins ekki áhuga á að skilgreina nýja aðkomu um jörðina. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og í bókun þessari. Hreppsnefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 3; Sauðholt 2 L193421; Skilgreining tveggja frístundalóða, Slot og Hof; Deiliskipulag - 2412067.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Sauðholts 2 L193421 í Ásahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining tveggja frístundalóða í landi Sauðholts 2. Á hvorri lóð er heimilt að byggja sumarhús, gestahús og geymslu/áhaldaús. Aðkoma að lóðunum er um nýjan slóða af heimreið að Sauðholti 2. Gert er ráð fyrir að lóðirnar fái staðvísana Slot og Hof. Athugasemdir bárust við auglýsingu tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum málsaðila.

Framlagðar athugasemdir sem taka til málsins virðast að mestu snúa að deiliskipulagsáætlun er varðar Sauðholt 2 lóð L2200917. Nefndin bendir á að sú lóð er nú þegar til og í gildi er deiliskipulag sem tekur til svæðisins. Byggingarreitir eru skilgreindir í 50 metra fjarlægð frá Steinslæk og þótt svo að lóðarmörk nái niður að Steinslæk er óheimilt samkvæmt 26. gr. laga um náttúruvernd að að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi. Að mati nefndarinnar er því ekki ástæða til að bregðast sérstaklega við þeim athugasemdum. Að öðru leyti hefur verið brugðist við athugasemdum innan greinargerðar tillögunnar að mati skipulagsnefndar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 34; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-224 - 2503005F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-224.

4. Fundargerð 35. fundar stjórnar Odda bs. - 2504002

Lögð fram fundargerð 35. fundar stjórnar Odda bs.

Lagður fram ársreikningur Odda bs fyrir rekstrarárið 2024. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

- 5. Fundargerð 10. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps - 2504006**
Lögð fram fundargerð 10. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.
Lagður fram ársreikningur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2024. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fram lagðan ársreikning. Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.
- 6. Fundargerð 12. fundar stjórnar Húsakynna bs. - 2504007**
Lögð fram fundargerð 12. fundar stjórnar Húsakynna bs.
Lagður fram ársreikningur Húsakynna bs fyrir rekstrarárið 2024. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning. Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.
- 7. Fundargerðö 246. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2504008**
Lögð fram fundargerð 246. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
Lagður fram ársreikningur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir rekstrarárið 2024. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir framlagðan ársreikning fyrir sitt leyti. Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.
- 8. 35. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga - 2504005**
Lögð fram fundargerð 35. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs.
Lagður fram ársreikningur Tónlistarskóla Rangæinga bs fyrir rekstrarárið 2024. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir framlagðan ársreikning fyrir sitt leyti. Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.
- 9. Fundargerð 244. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu - 2503026**
Lögð fram fundargerð 244. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.
Til kynningar.
- 10. Fundargerð 245. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu - 2503031**
Lögð fram fundargerð 245. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.
Til kynningar.
- 11. Fundargerð 89. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2503030**
Lögð fram fundargerð 89. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.
Til kynningar.
- 12. Fundargerð 118. fundar stjórnar UTU - 2503024**
Lögð fram fundargerð 118. fundar stjórnar UTU.
Til kynningar.
- 13. Fundargerð 119. fundar stjórnar UTU - 2503025**
Lögð fram fundargerð 119. fundar stjórnar UTU.

RÖP
57 HÖH KT M
KTH

Til kynningar.

14. Fundargerð 243. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2503027

Lögð fram fundargerð 243. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2024.

Til kynningar.

15. Fundargerð 332. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2503028

Lögð fram fundargerð 332. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands ásamt drögum að ársreikningi fyrir rekstrarárið 2024.

Til kynningar.

16. Fundargerð 83. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2504017

Lögð fram fundargerð 83. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

17. Fundargerð 620. fundar stjórnar SASS - 2503032

Lögð fram fundargerð 620. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

18. Fundargerð 972. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2503023

Lögð fram fundargerð 972. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

19. Fundargerð 973. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2504011

Lögð fram fundargerð 973. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

20. Fundargerð 974. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2504012

Lögð fram fundargerð 974. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

21. Fundargerð 975. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2504013

Lögð fram fundargerð 975. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

22. Ársreikningur Ásahrepps 2024, fyrri umræða - 2504014

Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2024 er lagður fram til fyrri umræðu. Friðrik Einarsson, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir ársreikning Ásahrepps fyrir árið 2024. Líkt og fram kemur í skýringu 10 með ársreikningi þá liggur uppgjör Byggðasafnsins Skógum fyrir árið 2024 ekki fyrir, hlutdeild sveitarfélagsins í afkomu verkefnisins birtist því ekki í framlögðum ársreikningi.

Hreppsnefnd Ásahrepps visar ársreikningi til annarar umræðu og afgreiðslu á aukafundi

hreppsnefndar Ásahrepps sem haldinn verður 7. maí 2025 klukkan 8:30.

23. Fundargerðarbækur; tillaga um að leggja notkun þeirra niður - 2503034

Lögð fram tillaga þess efnis að hreppsnefnd Ásahrepps og nefndir á vegum sveitarfélagsins hætti að nota fundargerðarbækur til að skrá niður fundarsókn.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að hætt verði að nota fundargerðarbækur til að staðfesta fundarsókn frá og með 15. apríl 2025, en haldið verði áfram að nota trúnaðarmálabækur.

24. Samningur um efnisnám Landsnets á Holtamannafrétti - 2504001

Lögð fram drög að samkomulagi um efnistöku og greiðslur fyrir efnisnám á Holtamannafrétti við Landsnet. Samkomulagið er samhljóða því samkomulagi sem gert var við Landsvirkjun fyrir skemmstu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlögð drög að samkomulagi fyrir sitt leyti og felur Ísleifi Jónassyni að undirrita það fyrir hönd Ásahrepps.

25. Grunnsamkomulag um afnotarétt í þjóðlendu vegna skálasvæðisins Þóristungur - 2504009

Lögð fram drög að grunnsamkomulagi um afnotarétt í þjóðlendu vegna lóðarinnar Þóristungur (L229271) ásamt deiliskipulagsupprætti.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi grunnsamkomulag og felur Valtý Valtýssyni, sveitarstjóra, að undirrita samkomulagið fyrir hönd sveitarfélagsins. Jafnframt er sveitarstjóra falið að láta þinglýsa samkomulaginu.

26. Kæra Náttúrugriða vegna útgáfu tveggja framkvæmdaleyfa í sambandi við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar - 2504010

Lögð fram kæra Náttúrugriða, dags. 7. apríl 2025, þar sem kærðar eru til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvaðranir hreppsnefndar Ásahrepps um að veita tvö framkvæmdaleyfi í sambandi við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að svara fyrirbyggjandi kærum Náttúrugriða með aðstoð og ráðgjöf Lögmannna Suðurlandi. Óskað hefur verið eftir tímafresti um skil á gögnum til 8. maí n.k.

27. Stóri plokkgurinn 27. apríl 2025 - 2504016

Lögð fram tölvuskeyti frá Rótarýhreyfingunni þar sem sveitarfélög eru meðal annarra hvött til að taka þátt í Stóra Plokkdeginum 27. apríl 2025. Einnig lagt fram tölvuskeyti frá Ösp Viðarsdóttur, markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings ytra, dags. 11. apríl 2025, þar sem óskað er eftir afstöðu Ásahrepps til samstarfs meðal sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Rótarý í Rangárvallasýslu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka þátt í þessu samstarfi.

28. Útivistarstígar í Ásahreppi - 2504018

Hreppsnefnd Ásahrepps þarf að marka sér stefnu um framhald uppbyggingar á útivistarstígum innan marka sveitarfélagsins. Lögð fram drög að verklagsreglum við úthlutun styrkja til viðhalds eða lagningu nýrra útivistarstíga. Umræða varð um framlögð drög.

Hreppsnefnd Ásahrepps list vel á þessar hugmyndir og frestar afgreiðslu þessara verklagsreglna til næsta fundar hreppsnefndar. Æskilegt væri að nefnd um útivistarstíga myndi fjalla um málið og skila niðurstöðum um næstu mánaðarmót. Hreppsnefnd er hvött til að senda

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Kfr." and "HSH".

falla um málið og skila niðurstöðum um næstu mánaðarmót. Hreppsnefnd er hvött til að senda inn athugasemdir eða hugmyndir um hvað betur mætti fara til sveitarstjóra fyrir næsta fund sem haldinn verður 7. maí n.k.

29. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflokkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps, tímabilið 1. janúar - 31. mars 2025.

Til kynningar.

30. Fallið frá fyrirhugaðri niðurfellingu héraðsvegar, Buguvegur (273-01) - 2503029

Lagt fram afrit af bréfi Vegagerðarinnar, dags. 25. mars 2025, þar sem kynnt er að fallið hefur verið frá niðurfellingu Buguvegar (273-01) í Ásahreppi af vegaskrá.

Til kynningar.

31. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 21. maí 2025 á skrifstofu Ásahrepps. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.


Fundi slitið kl. 11:45.



Ísleifur Jónasson



Reynir Örn Pálmason



Þráinn Ingólfsson



Helga Björg Helgadóttir



Kristín Hreinsdóttir



Valtýr Valtýsson